

2018-2022



Saru Riel - Fjöðrin

**STEFNA  
REYKJAVÍKURBORGAR  
Í MÁLEFNUM  
INNFLYTJENDA,  
FLÓTTAFÓLKS OG  
UMSÆKJENDA UM  
ALÞJÓÐLEGA VERND**

---

**CITY OF REYKJAVIK'S  
POLICY ON  
IMMIGRANTS,  
REFUGEES AND  
ASYLUM SEEKERS  
(APPLICANTS FOR  
INTERNATIONAL  
PROTECTION)**



# INNGANGUR

Á fundi borgarráðs þann 22. september 2016 var ákveðið að Reykjavíkurborg skyldi móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Með stefnunni skyldi m.a. unnið að markmiðum verkefnisins Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), en Reykjavíkurborg er aðili að verkefninu. Í kjölfarið var stýrihóp falið að marka heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun í þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og umsækjenda um alþjóðlega vernd innan borgarinnar.

Við gerð stefnunnar var haft samráð við hagsmunaaðila og reynt að koma til móts við ólíkar þarfir ólíkra hópa. Skoðaðar voru ólíkar þarfir einstaklinga sem koma til Íslands á mismunandi forsendum og stöðu þeirra sem jaðarsettra hópa. Drög að stefnu og aðgerðum voru send til umsagnar innan borgarinnar og utan.

Stefnan og aðgerðaáætlunin byggja á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2002, lögum um útlendinga nr. 80/2016, mannréttindayfirlýsingu Sameinu þjóðanna, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis, samningi um réttarstöðu flóttamanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu.

# INTRODUCTION

At a meeting of the City Council on 22 September 2016, it was decided that the City of Reykjavik should develop a comprehensive policy on the affairs of immigrants, refugees and applicants for international protection. As the City of Reykjavik is a member of Intercultural Cities it was decided that the policy should align with those goals.

Subsequently, a steering committee was tasked with defining a comprehensive policy and action plan in services for immigrants, refugees and applicants for international protection within the city.

Stakeholders were consulted during the creation of the policy with the goal of meeting the diverse needs of diverse groups. The various needs of individuals who moved to Iceland for various reasons, and the situation of marginalized groups was examined. A draft of the policy was sent to city authorities for comments and review.

The policy and the action plan are based on the Act on Foreigners no. 116/2002, the Foreign Nationals Act no. 80/2016, The United Nations Universal Declaration of Human Rights, The International Convention on the Elimination of All Forms of Racial Discrimination, The UNHCR Refugee Convention, the UN Convention on the Rights of the Child and the European Convention on Human Rights.

## INNFLYTJANDI

Íbúi á Íslandi sem fæddur er erlendis, óháð ríkisborgararétti. Þetta hugtak nær líka yfir flóttamenn.

A resident of Iceland born abroad, regardless of citizenship. This concept also covers refugees.

## IMMIGRANT

## ERLENDUR RÍKISBORGARI

Innflytjandi sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt

## FOREIGN CITIZEN

## BARN

Immigrant who does not have Icelandic citizenship.

## INNFLYTJANDA

Barn sem á erlent foreldri, óháð fæðingarlandi barnsins.

## CHILD OF IMMIGRANTS

## FLÓTTAMAÐUR

A child who has a foreign parent regardless of where the child was born.

Einstaklingur sem hefur fengið viðurkennda stöðu sína sem flóttamaður i samræmi við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna.

## REFUGEE

A person who has been granted status as a refugee in accordance with the UN Convention on Refugees..

## UMSÆKJANDI UM ALÞJÓÐLEGA VERND

Einstaklingur sem kemur til landsins og óskar eftir að fá stöðu flóttamanns hér og þá alþjóðlegu vernd sem felst í slíkri stöðu, en hefur ekki enn fengið hana.

## ASYLUM SEEKER OR APPLICANT FOR INTERNATIONAL PROTECTION

An individual who enters Iceland and requests protection from persecution or serious harm and awaits a decision if they will be granted refugee status.



# STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Innflytjendur eru hluti af borgarsamfélaginu og mikilvæg auðlind.

Öll starfsemi borgarinnar skal standa innflytjendum jafn opin og öðrum borgarbúum og þeim skal ekki vísað aðra leið til þátttöku eða í þjónustu. Nauðsynlegt getur verið að bjóða upp á þjónustu sem er sérstaklega miðuð að þörfum innflytjenda, en að sama skapi ber að hafa í huga að innflytjendur eru ekki einsleitur hópur og þeir nýta margvíslega þjónustu innan borgarinnar.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er lögð til grundvallar í allri stefnumótun innan borgarinnar. Samkvæmt mannréttindastefnunni eiga allir rétt á virkri þátttöku í reykvísku borgarsamfélagi og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð uppruna. Ávallt skal líta til þess á hvaða hátt aðgerðir borgarinnar snúa að innflytjendum. Mikilvægt er að tryggja farsæla móttökupjónustu nýrra íbúa og aðstoða þá við félagslega þátttöku. Hafa skal í huga að þarfir einstaklinga taka breytingum með tímanum og þó svo að einstaklingur þurfi á sérhæfðari þjónustu að halda í fyrstu getur hann síðar sótt sömu þjónustu og aðrir borgarbúar.



# THE CITY OF REYKJAVIK'S POLICY

Immigrants are part of the urban community and an important resource. All City operations shall be equally accessible to immigrants and other residents and immigrants should not have to seek other means of participating or receiving services. It may be necessary to offer services that are specifically targeted to the needs of immigrants, while at the same time it is important to remember that immigrants are not a homogeneous group, nor do they all use the same services.

The City of Reykjavik's Human Rights Policy is the basis for all policy making within the City. According to the Human Rights Policy everyone is entitled to active participation and to receive fair and just treatment regardless of origin. The effect of City operations on immigrants should always be considered. It is important to ensure the successful reception of new residents and to assist them in being active participants. The needs of individuals change over time and although an individual may need more specialised services at first, eventually they will be able to use the same services as other residents.



# I. REYKJAVÍKURBORG SEM STJÓRNVALD

Allir íbúar Reykjavíkur eiga rétt á sanngjarnri og réttlátri málsmeðferð óháð uppruna. Ætíð skal haft í huga og tekið tillit til þess við alla stefnumótun að hluti borgarbúa talar ekki íslensku eða hefur mikla þekkingu á skipulagi og þjónustu borgarinnar. Stuðla skal að aukinni þátttöku innflytjenda í málefnum borgarinnar svo sem í borgarstjórnarkosningum, íbúakosningum, á íbúafundum, í skólasamstarfi og þegar óskað er eftir hugmyndum og athugasemdum frá íbúum.

Helstu aðgerðir:

Við gerð starfsáætlana skal taka tillit til innflytjenda og móta heildstæða stefnu í túlka- og þýðingamálum.



# THE CITY OF REYKJAVIK AS AN AUTHORITY

All residents of Reykjavik have the right to fair and just due process, regardless of their origin. When forming policy it should be remembered that not all residents speak fluent Icelandic or have a great deal of knowledge about how the system works. It is important to promote the active involvement of immigrants in city affairs such as local elections, neighbourhood councils, schools and idea sharing.

Key actions:

Develop a comprehensive interpreting and translation policy.



## II. REYKJAVÍKURBORG SEM ATVINNUREKANDI

Með þjálfun og fræðslu er starfsfólk gert betur í stakk búið til að þjónusta innflytjendur og sérstök áhersla er lögð á að nýta þekkingu og reynslu innflytjenda í hópi starfsmanna. Þekking og menntun innflytjenda er metin að verðleikum.

Helstu aðgerðir:

- Sérstaka áherslu skal leggja á að leiðbeina innflytjendum sem starfa hjá Reykjavíkurborg um mat á menntun sinni og starfsreynslu og um tækifæri til starfsþróunar og símenntunar almennt.
- Efla skal upplýsingamiðlun um starfstengd íslenskunámskeið til innflytjenda og hvetja yfirmenn þeirra til að gefa þeim kost á þátttöku.
- Á vinnustöðum borgarinnar skal markvisst unnið gegn fordómum og hatursfullri orðræðu.





# THE CITY OF REYKJAVIK AS AN EMPLOYER

Through training and education employees are better prepared to serve immigrants, and to appreciate and utilize the knowledge and experience of immigrants working for the city. The knowledge and previous education of immigrants should be valued.

## Key Actions:

- Particular emphasis should be placed on guiding immigrants working for the City in having their education and experience evaluated and providing opportunities for career development and advancement.
- Increase knowledge about work-related Icelandic courses among immigrants and encourage their supervisors to give them the opportunity to participate in these courses.
- The City's workplaces shall systematically combat prejudice and hate speech.



# III. REYKJAVÍKURBORG SEM MIÐSTÖÐ ÞJÓNUSTU

Tryggt er að innflytjendur eigi greiðan aðgang að þjónustu borgarinnar. Veitt er túlkþjónusta í viðtölum og mótuð samræmd heildarstefna um túlkþjónustu. Stuðlað er að auknu réttaröryggi og jafnræði innflytjenda í tengslum við þjónustu Reykjavíkurborgar og þeim gefin tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri. Vakin er athygli á hlutverki og þjónustu umboðsmanns borgarbúa sem og leiðum til að kæra ákvarðanir borgarinnar og vísa málum til endurupptöku sem standa borgarbúum opnar. Sérstök áhersla er á börn innflytjenda þannig að þau og foreldrar þeirra fái þann stuðning sem þau þurfa í skóla- og frístundastarfi.

Helstu aðgerðir:

- Gera skal úttekt á því hvort ferli umsókna um ýmis leyfi feli í sér hindranir sem snúi sérstaklega að innflytjendum.
- Endurskoða skal reglur borgarinnar um félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð út frá þörfum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.



# THE CITY OF REYKJAVIK AS A SERVICE PROVIDER

Ensure that immigrants have access to all City services. Interpreters should be offered in all interviews and consultations, and a comprehensive policy on interpreting services should be developed and implemented. Increase legal certainty and ensure equal treatment for immigrants in connection with City services, and provide a process for complaints and comments. Advertise the role and services of the City Citizen's Ombudsman and the process of appealing and re-examining cases and decisions. Special emphasis should be placed on the children of immigrants so that they and their parents receive necessary support in school and leisure activities.

## Key Actions:

- An assessment should be made on whether the process of applying for various permits and services creates barriers specific to immigrants.
- The rules and regulations on financial assistance and social services should be reviewed on the basis of the needs of refugees and applicants for international protection.



## IV. REYKJAVÍKURBORG SEM SAMSTARFSaðILI OG VERKKAUPI

Við verkkaup eru mannréttindi höfð til hliðsjónar og gerð krafa til verksala um virðingu fyrir mannréttindum sem og öðrum réttindum. Starfsemi frjálsra félagasamtaka er mikilvæg fyrir borgarbúa og því skal hlúið að grasrótinni og húsnæði borgarinnar gert aðgengilegra fyrir félagasamtök, þar með talið samtök innflytjenda. Á þann hátt styður Reykjavíkurborg við mikilvæga starfsemi og skapar vettvang fyrir þátttöku og samskipti.

Helstu aðgerðir:

Lagt verði mat á hvort innflytjendur taki þátt í viðburðum innan borgarinnar og þá hvort ástæða sé til þess að hvetja til frekari þátttöku þeirra.



# THE CITY OF REYKJAVIK AS A PARTNER AND A BUYER

When purchasing goods and services human rights should be considered and vendors should be required to respect human rights. The activities of NGO's, including immigrant associations, are an important, integral part of the City that should be appreciated, and they should be provided with access to city spaces for meetings and events. By doing this the City shows support for the activities of grass-root organisations and creates a platform for participation and communication.

## Key Actions:

Assess immigrant participation in City events and if there is a need to encourage increased participation.

Upplýsingar/ More information:  
mannrettindi@reykjavik.is



2019